

Frágangur eldri efnistökusvæða 2019, yfirlit yfir námufrágang 2000 – 2019 og frumdrög að áætlun um frágang árið 2020

Frágangur eldri náma 2019

Í töflum 1 og 2 er yfirlit yfir þær eldri námur sem gengið var frá á árinu 2019. Auk þeirra náma sem eru á listanum er samhliða vegaf framkvæmdum gengið frá öllum efnistökusvæðum í viðkomandi verki, ef ekki er fyrirhuguð áframhaldandi efnistaka. Lokið var við frágang á 17 eldri námum á árinu 2019 og auk þess var gengið frá þeim hluta námunnar að Þrándarstöðum sem Vegagerðin ber ábyrgð á. Markmið langtímaáætlunar er að gengið skuli frá 60 eldri námum árlega og vantar því mikið á að markmiðinu hafi verið náð á árinu 2019. Ein ástæða þess er að landeigendur hafa í mörgum tilfellum sett sig upp á móti frágangi náma á þeirra landi. Í slíkum tilfellum er náman tekin úr langtímaáætlun um námufrágang og telst frágangur vera á ábyrgð landeiganda.

Tafla 1 Yfirlit yfir frágang eldri efnisnáma 2019

Svæði Vegagerðarinnar	Fjöldi frágenginna náma 2019	Markmið langtímaáætlunar Vegagerðarinnar 2004-2018 um árlegan námufrágang eldri námusvæða	Námur eftir á langtímaáætlun	Athugasemdir
Suðursvæði	3	9	5	
Vestursvæði	3	18	20	
Norðursvæði	11	22	14	
Austursvæði	1 háfrágengin	11	0	Frágangi samkvæmt langtímaáætlun lokið
Samtals allt landið	17	60	39	

Tafla 2: Frágangur eldri efnisnáma 2019

Svæði Vg	Námuheiti	Fastnúmer námu	Frágangur	Athugasemdir
Suðursvæði	Vikurnáma 3	16560	Frágengin	
	Skáldabúðagryfja	16583	Frágengin	Sáning eftir
	Sauðhúsavöllur	Ekki númer	Frágengin	Ekki á langtímaáætlun
Vestursvæði	Goddastaðir	17384	Frágengin	
	Breiðabólstaður	17427	Frágengin	
	Skarðsnáma	17907	Frágengin	
Norðursvæði	Brúargerði	22513	Frágengin	Ekki á langtímaáætlun
	Bústaðir 2	19478	Frágengin	
	Bústaðir 1	19479	Frágengin	
	Dunhagi	18262	Frágengin	
	Leirhafnarfjöll	18381	Frágengin	
	Nýhóll við Viðarvatn	19981	Frágengin	
	Reykjanáma 2	19453	Frágengin	
	Stafhólanáma	17952	Frágengin	
	Hólssel	22669	Frágengin	
	Hafragilsfoss að austan	19979	Frágengin	
Náma við Hólsfjallaveg	Ekki númer	Frágengin	Ekki á langtímaáætlun	
Austursvæði	Þrándarstaðir	18599	Hálfrágenginn	Vg hluta námu lokið.

Yfirlit yfir frágang eldri náma 2000 – 2019

Vorið 1999 voru sett í lög um náttúruvernd (nr. 44/1999) ákvæði um námufrágang. Í 49. grein laganna var sett inn ákvæði um að efnistökusvæði skuli ekki standa ónotað og ófrágengið lengur en í þrjú ár og ákvæði til bráðabirgða 2. liður kvað á um frágang á eldri efnisnámu, sem ekki voru lengur í notkun. Bæði þessi ákvæði laganna hafa nú verið felld brott úr lögum um náttúruvernd (nr. 60/2013) en ákvæðið um að efnistökusvæði skuli ekki standa ónotað og ófrágengið lengur en í þrjú ár er nú í Skipulagslögum nr. 123/2010.

Á árinu 2000 hóf Vegagerðin átaksverkefni við námufrágang í samræmi við ákvæði laga um náttúruvernd. Markmiðið var að ganga frá 35 eldri námum árlega. Fyrir setningu laganna hafði vinna við frágang eldri efnistökusvæða verið fremur ómarkviss þó að í mörgum tilfellum hafi verið gengið frá námum að loknum framkvæmdum. Það voru því fjölmargar námur sem féllu undir ákvæðið um eldri ófrágengin námusvæði sem ekki voru lengur í notkun.

Í apríl 2002 gáfu Vegagerðin, Náttúruvernd ríkisins (nú Umhverfisstofnun), Landsvirkjun og 7 aðrir aðilar út ítarlegt leiðbeiningarit um námufrágang sem nefnist „Námur – efnistaka og frágangur“. Ritið hefur nú verið endurskoðað og var gefið út sem vefrit vorið 2013 á vefslóðinni <http://www.namur.is/>. Vefritið er endurskoðað árlega og árið 2017 var endurskoðunin nokkuð yfirgripsmikil vegna nokkurra nýlegra breytinga á lögum auk þess sem bætt var talsvert við upplýsingar um uppgræðslu framkvæmdasvæða.

Á fundi yfirstjórnar Vegagerðarinnar í desember 2003 var samþykkt tillaga um gerð langtímaáætlunar fyrir frágang eldri efnistökusvæða. Áætlunin var gefin út í skýrslu í júní 2004, sem nefnist „Langtímaáætlun um námufrágang 2004 – 2018“. Í langtímaáætluninni var mörkuð sú stefna Vegagerðarinnar að frágangi náma, sem ekki eru lengur í notkun, skuli lokið á fimmtán árum þ.e. á árunum 2004 – 2018. Það voru 897 námur sem Vegagerðin áætlaði að ganga frá á þessum 15 árum og miðaðist áætlunin við að ganga frá um 60 efnisnánum árlega. Þrátt fyrir áður nefndar breytingar á lögum um náttúruvernd áformar Vegagerðin að vinna áfram að frágangi eldri námusvæða í samræmi við og til að ljúka við verkefni langtímaáætlunar.

Í töflu 3 er yfirlit yfir frágang eldri efnisnáma á árunum 2000 til 2019. Alls hefur á þessum 20 árum verið gengið frá 575 eldri efnistökusvæðum þ.e. að meðaltali 29 námum árlega. Auk þess hefur verið gengið frá fjölmörgum námum samhliða vegagerð en þar er oft um að ræða námur sem opnaðar voru sérstaklega vegna viðkomandi verks. Almenna reglan er sú að ganga frá öllum námum og skeringum við lok nýbyggingar vega og mun Vegagerðin áfram kappkosta að ganga vel frá námusvæðum.

Eftir útgáfu langtímaáætlunar um námufrágang hefur á 16 árum verið lokið við frágang á samtals 446 eldri efnistökusvæðum eða að meðaltali 28 námum árlega og vantar því mikið upp á að náðst hafi að uppfylla markmið langtímaáætlunar um að ganga frá 60 eldri efnistökusvæðum árlega. Í töflum 1 og 4 má þó sjá að einungis er eftir að ganga frá 39 af þeim 897 námum sem tilgreindar voru í langtímaáætluninni.

Nokkrar skýringar eru á því að ekki eru fleiri námur eftir af þeim námum sem voru á langtímaáætlun um námufrágang. Mikill fjöldi náma sem voru á langtímaáætlun hafa á þessum árum verið metnar það uppgrónar að ekki sé þörf á að ganga frá þeim. Sumarið 2017 fór undirritaður svo ásamt Birni Stefánssyni frá Umhverfisstofnun í ferð til að skoða allar námur sem þá voru eftir á langtímaáætluninni. Í ljós kom að 185 námur voru uppgrónar og því ekki þörf á frágangi. Í flestum tilfellum var um að ræða smáa námupitti þar sem upphaflega hafði verið gengið frá að hluta en gróður hefur nú náð að hylja sárið. Einnig hafa námunúmer í sumum tilfellum verið sameinuð undir einu númeri. Í allmörgum tilvikum hafa landeigendur hafnað alfarið frágangi náma í þeirra landi og eru þær námur þá teknar úr frágangsáætluninni. Af þessum ástæðum hefur námum á langtímaáætlun fækkað mun meira en sem nemur frágengnum námum eða samtals um 858 námur á þessum 16 árum frá árinu 2004 eða um 54 námur að meðaltali á ári. Þannig hafa samtals 412 (858-446) námur verið fjarlægðar úr langtímaáætlun af áður nefndum ástæðum umfram þær námur sem gengið hefur verið frá á árunum 2004-2019.

Tafla 3 Frágangur eldri efnisnáma á árunum 2000 – 2019

Frágangsár	Frágengnar námur Fjöldi náma	Hálffrágengnar námur Fjöldi náma	Þar af ekki á námuskrá
2000	13		
2001	30		
2002	35		
2003	51		
Í júní 2004 var gefin út langtímaáætlun um námufrágang			
2004	42	3	4
2005	26	5	2
2006	24		1
2007	44	10	
2008	49	2	
2009	47		3
2010	22	2	
2011	21	2	
2012	18	5	
2013	25	1	
2014	35	2	
2015	22		
2016	25		
2017	14		
2018	15		
2019	17	1	2
Samtals 2000-2003	129		
Samtals 2004-2019	446	33	12
Samtals 2000-2019	575	33	12

Í töflu 4 er gerður samanburður á stöðu frágangs allra náma í námukerfinu annars vegar í júní 2004 og hinsvegar í febrúar 2020. Heildarfjöldi náma í námukerfinu var 3031 náma árið 2004 en 3352 námur í febrúar 2020. Ætlunin er að í námukerfinu séu skráðar allar námur á landinu óháð því hver námurétthafinn er og óháð því hvort náman er í notkun eða ekki. Heildarfjöldi ófrágenginna og hálffrágenginna náma hefur minnkað úr 1621 námu í 1012 eða um 609 námu. Þar af telst Vegagerðin vera ábyrg fyrir frágangi á 343 námum en hafa verður í huga að margar af þessum námum eru í notkun og því ekki fyrirhugað að ganga frá þeim á næstunni. Í allmörgum tilvikum eru aðrir aðilar samábyrgir Vegagerðinni varðandi frágang þeirra náma þar sem Vegagerðin er skráð með ábyrgð á frágangi.

Umhverfisstofnun hefur samtals vottað frágang á 625 námum. Stefnt er að því að stofnunin votti frágang á þeim námum sem tilheyra verkefninu um eldri efnistökusvæði en úttekt stofnunarinnar á frágangi við nýbyggingar er yfirleitt gerð sem úttekt á viðkomandi verki. Upplýsingar um námufrágang eru skráðar í námukerfi Vegagerðarinnar og þar eru einnig skráðir þeir aðilar sem bera ábyrgð á frágangi viðkomandi námu. Vottun Umhverfisstofnunar er einnig skráð í námukerfið. Námukort er á vefsíðunni <http://namur.vegagerdin.is/> og á innri vef Vegagerðarinnar á <http://innri.vegagerdin.is/kerfi/kortasja/>.

Tafla 4 Yfirlit yfir stöðu frágangs allra náma í námukerfinu árin 2004 og 2020

Staða frágangs	Staðan í júní 2004				Staðan í febrúar 2020			
	Samtals	Vg ábyrg fyrir frágangi	Á frágangs-áætlun Vg	Ekki á áætlun Vg	Samtals	Vg ábyrg fyrir frágangi	Á frágangs-áætlun Vg	Ekki á áætlun Vg
Frágengnar	1410				2329			
Ófrágengnar/ Hálffrág.	1621	1103	897	206	1012	343	39	304
Óskráður frágangur	Ekki skráð				11			
Frágengnar með vottun	Ekki skráð				625			
Samtals	3031	1103	897	206	3352	343	39	304

Í töflu 5 er yfirlit yfir stöðu frágangs þeirra náma sem voru í langtímaáætlun um námufrágang 2004-2018. Á áætlun var að ganga frá 897 námum og eru nú eftir 39 ófrágengnar eða hálffrágengnar námur af þeim lista og 446 námur eru frágengnar eða samtals 485 námur. Ástæða fyrir því að heildarfjöldi námanna sem tilheyra langtímaáætlun er lægri nú er eins og áður sagði meðal annars sú að nokkuð algengt er að námur sem voru nálægt hverri annarri og í sömu jarðmynduninni hafi verið sameinaðar undir einu námunúmeri. Einnig er nokkuð algengt að landeigandi hafni því að gengið sé frá námu á hans landareign og er náman þá fjarlægð úr langtímaáætlun og telst frágangur þá vera á ábyrgð landeiganda. Í mörgum tilvikum hafa námur sem voru á langtímaáætlun verið metnar þannig að ekki sé þörf á frágangi. Á hinn bóginn er nokkuð um að valin séu eldri námusvæði til frágangs, sem ekki voru á langtímaáætlun, en þar á meðal eru jafnvel lítil námuvik sem hafa ekki verið í námuskránni.

Tafla 5 Samanburður á stöðu frágangs eldri efnisnáma sem voru á ábyrgð Vegagerðarinnar 2004 og í langtímaáætlun um námufrágang 2004-2018 og stöðu frágangs í dag.

	Fjöldi eldri náma á langtímaáætlun 2004	Staða frágangs eldri náma á langtímaáætlun í febrúar 2020
Frágengnar		446
Námur fjarlægðar úr langtímaáætlun*		412
Ófrágengnar/hálffrágengnar	897	39
Samtals	897	897

*Ástæður eru tilgreindar hér að framan

Drög að áætlun fyrir árið 2020 um frágang eldri námusvæða

Í töflu 6 er sýnd sýnd staða frágangs eldri námusvæða á núverandi svæðum Vegagerðarinnar. Við skipulagsbreytingar sem tóku gildi 1. janúar 2013 tóku þau stjórnunarsvæði sem sýnd eru í töflu 6 við af þeim svæðum sem voru í langtímaáætlun um námufrágang. Markmið langtímaáætlunar var að ganga frá 60 námum árlega en af áðurnefndum ástæðum hefur ekki tekist að standa við það markmið að fullu. Langtímaáætlunin gerði ráð fyrir að ljúka við frágang á 897 námum á árunum 2004 til 2018. Ekki náðist að standa að fullu við það markmið þar sem nú eru 39 námur eftir á listanum og er óraunhæft að gera ráð fyrir frágangi á þeim öllum á árinu 2020. Eins og fram kemur í töflunni gera fyrstu drög að áætlun fyrir árið 2020 ráð fyrir að gengið verði frá 30 eldri efnistökusvæðum, sem tilheyra áætluninni. Nú er markmiðið að ganga frá þeim 39 námum sem eftir eru á tveimur árum og ljúka að fullu við verkefnið fyrir lok árs 2021 og verður því gengið frá 9 námum á árinu 2021 ef staðið verður við áætlunina.

Tafla 6 Skipting ófrágenginna og hálffrágenginna eldri náma á langtímaáætlun á svæði Vegagerðarinnar og frumdrög að áætlun um frágang 2020.

Svæði Vegagerðarinnar	Fjöldi ófrágenginna náma á langtímaáætlun í febrúar 2020	Markmið langtímaáætlunar um árlegan frágang á árunum 2004-2018	Drög að áætlun um frágang á árinu 2020
Suðursvæði	5	9	2
Vestursvæði	20	18	16
Norðursvæði	14	22	12
Austursvæði	0	11	0
Samtals	39	60	30

Reykjavík, 12.02. 2020
Gunnar Bjarnason